

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

#### 1. gr.

Nýr stafliður bætist við 15. gr, svohljóðandi:

- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2014 frá 4. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar stuðul fyrir hnatthlúnunarmátt annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs (Global Warming Potential – GWP), sem vísað er til í tölulið 21apg, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2014, frá 4. apríl 2014, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í fylgiskjali við reglugerð þessa.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2014 frá 4. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar stuðul fyrir hnatthlúnunarmátt annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs (Global Warming Potential – GWP), sem vísað er til í tölulið 21apg, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2014, frá 4. apríl 2014.

#### 3. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 13. gr., 6. mgr. 18. gr., 9. mgr. 19. gr. og 7. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 10. apríl 2014.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Hugi Ólafsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 206/2014**

frá 4. mars 2014

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar hnatthlúnunarmátt annarra gróðurhúsalofttegunda en koltvísyrings**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins  
2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir  
viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda  
innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins  
96/61/EB <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar  
(ESB) nr. 601/2012 <sup>(2)</sup> er hnatthlúnunarmáttur annarra  
gróðurhúsalofttegunda en koltvísyrings ákvarðaður.
- 2) Með ákvörðun 15/CP.17 <sup>(3)</sup> sem var tekin á ráðstefnu  
aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um  
loftslagsbreytingar (UNFCCC), í því skyni að hrinda í  
framkvæmd notkun á leiðbeiningum milliríkjanefndar  
um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsskrár yfir  
gróðurhúsalofttegundir frá 2006, er ákvarðað að frá og  
með árinu 2015, þar til frekari ákvörðun ráðstefnu aðila  
að rammamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslags-  
breytingar liggur fyrir, ætti hnatthlúnunarmáttur, sem  
aðilarnir nota til að reikna út koltvísyringsgildi losunar  
af mannavöldum frá upptökum og upptöku í viðtaka á  
öllum gróðurhúsalofttegundum, að vera eins og tilgreint  
er í III. viðauka við ákvörðun 15/CP.17.
- 3) Til þess að tryggja að viðeigandi löggjöf Sambandsins  
sé í samræmi við þá aðferðafræði sem notuð er í  
tengslum við ferli rammamnings Sameinuðu þjóðanna  
um loftslagsbreytingar ber að breyta reglugerð (ESB)  
nr. 601/2012 til samræmis við það.

- 4) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB  
ættu losunarheimildir, sem eru útgefnar frá og með 1.  
janúar 2013, að gilda fyrir losun á átta ára viðskipta-  
tímabili sem hefst þann dag. Leiðrétting á fjölda  
losunarheimilda, sem á að gefa út frá og með 1. janúar  
2013 skv. 1. mgr. 9. gr. a í þeirri tilskipun, er ákvörðuð  
með tilliti til hnatthlúnunarmáttar sem er tilgreindur í  
III. viðauka við ákvörðun 15/CP.17 sem var tekin á  
ráðstefnu aðila að rammamningi Sameinuðu þjóðanna  
um loftslagsbreytingar. Þar eð reglugerð (ESB) nr.  
601/2012 gildir frá 1. janúar 2013 ætti þessi reglugerð  
einnig að gilda frá þeim degi til að tryggja samræmi  
milli allra gagna um losun gróðurhúsalofttegunda sem  
skýrsla er gefin um á öllu átta ára viðskiptatímabilinu.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,  
eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslags-  
breytingar.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 er  
breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í  
*Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012  
um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina  
samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L  
181, 12.7.2012, bls. 30).

<sup>(3)</sup> FCCC/CP/2011/9/Viðb.2, bls. 23.

## VIÐAUKI

Í stað töflu 6 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 komi eftirfarandi:

„Tafla 6: Hnathlúnunarmáttur

Loftegund	Hnathlúnunarmáttur
N <sub>2</sub> O	298 t CO <sub>2(e)</sub> /t N <sub>2</sub> O
CF <sub>4</sub>	7 390 t CO <sub>2(e)</sub> /t CF <sub>4</sub>
C <sub>2</sub> F <sub>6</sub>	12 200 t CO <sub>2(e)</sub> /t C <sub>2</sub> F <sub>6</sub> “

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2014